



Til foreldra og forráðamanna

Nú er fyrsta skólaár sjaldtölvuinnleiðingarinnar í Kópavogi senn á enda. Eins og fram hefur komið stendur nemendum til boða að eignast sjaldtölvuna og þeir sem vilja nýta sér það tilboð munu geta haft sjaldtölvuna yfir sumarleyfistímann.

Áður en að því kemur er nauðsynlegt að sjaldtölvurnar verði teknar í þjónustu- og ástandsskoðun og munu því **allir nemendur** skila sínum sjaldtölvum til skóla í lok skólaársins.

Sjaldtölvur sem geymdar verða yfir sumarið verða merktar nemendum til að tryggja að allir fái sömu sjaldtölvu í byrjun næsta skólaárs. Nemendur eiga ekki að skila hleðslutækjum til skóla, heldur geyma þau yfir sumarið - á öruggum stað.

Þeir nemendur sem ætla að halda sjaldtölvunni í sumar geta nálgast hana í sínum skóla dagana 8.-10. júní. Nákvæmar tímasetningar þessa daga geta verið mismunandi eftir skólum.

Starfsfólk tölvudeildar Kópavogs mun afhenda sjaldtölvurnar og veita upplýsingar um hvort huga þurfi að einhverju varðandi meðferð eða notkun þeirra. Óski nemendur og foreldrar þess að skóli geymi sjaldtölvuna yfir sumarið, þótt búið sé að sækja um kaup, er það að sjálfsögðu í boði.

Hægt er að senda fyrirspurnir varðandi ofangreint á netfangið spjaldtolvur@kopavogur.is

